

Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs í St. Jó - 1811306

Fundur 10. janúar 2019 kl 13:00-14:00, haldinn í Bæjaráðssal

Fulltrúar:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Bæjarfulltrúi

Guðlaug Kristjánsdóttir, Bæjarfulltrúi

Rósa Guðbjartsdóttir, Bæjarstjóri

Starfsmenn:

Helga Stefánsdóttir, Forstöðumaður Skrifstofu Umhverfis- og skipulagsþjónustu

Sigurður Sverrir Gunnarsson, Verkefnastjóri, Skrifstofa umhverfis- og skipulagsþjónustu

Sigríður Kristinsdóttir, Bæjarlögmaður og Sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs

Eva Michelsen, Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs St. Jó

Kostnaðaráætlun og nauðsynlegar framkvæmdir á 2.hæð á St. Jó.

Hurðar, nýjar vs. Lagfæringar

- Framkvæmdasvið lagði fram hvað þarf að gera við núverandi hurðar á St. Jó til að þær standist 30-40 db hljóðvist, læsingar osfrv. á móti því að setja nýjar sambærilegar hurðar.
- Áætlaður kostnaður við lagfæringar er 75.000 – 95.000 kr pr. hurð, nýjar hurðar kostar u.þ.b. 225-235.000 kr/stk með uppsetningu.
- Heildarkostnaður við lagfæringar er áætlaður 2.000.000 á móti 4.700.000 fyrir nýjar hurðar.
- Út frá gefnum forsendum verður haldið í gömlu hurðarnar og þær lagfærðar eftir þörfum.

Stigahandrið fyrir efri hæðir

- Framvæmdasvið lagði fram kostnaðarmat á tveimur valkostum til að stigahandrið uppfylli reglugerð um fallvarnir.
- Áætlaður kostnaður við að setja gler á milli er á bilinu 2.600.000 – 2.900.000 og áætlaður kostnaður við breytingar á handriðinu sjálfu er 4.500.000 kr.
- Þar sem ekki er stefnt á efri hæðir að svo stöddu verður tekin ákvörðun um handriðið síðar.

Upphaflegt kostnaðarmat frá Strendingi og kostnaðaráætlun framkvæmda

- Fyrir liggur skýrsla frá Strendingi frá 27.mars 2017 með frummati á ástandi hússins og hvað þyrfti til að taka húsið í notkun fyrir sambærilega starfsemi.
- Þar sem um breytta starfsemi er að ræða þarf að uppfæra ýmsa hluta hússins til að uppfylla núverandi bygginga reglugerðir um bruna- og fallvarnir.
- Við framkvæmdir hefur einnig komið í ljós að ýmsu öðru er ábótavant.

- Því hefur verið unnin kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir hússins. Inn í kostnaðaráætluninni má sjá upphaflegt kostnaðarmat Strendings, áætlaðan kostnað við framkvæmdir á 2.hæð og áætlaðan kostnað fyrir húsið í heild sinni sem er um 2800 fm að stærð.

Salerni og vaskar í stofum á 2.hæð

- Ástand á salernum og vöskum í gömlu sjúkrastofunum á 2.hæð er ekki gott og lagnir í óvissuástandi. Vaskar og salerni sem eru í ólagi verða fjarlægð og lögnum lokað. Ekki verða sett ný salerni eða vaskar í stað þeirra sem verða fjarlægð.

Viðauki til að klára framkvæmdir á 2.hæð

- Út frá kostnaðaráætlun þarfnast Lífsgæðasetrið í St. Jó að Suðurgöt 41 auka framlag sem nemur 79.000.000 til að koma 2.hæðinni í notkun og lagfæra allt húsið að utan fyrir opnun þess sem er fyrirhuguð 1.apríl 2019.
- Framkvæmdahópur samþykkir að óska eftir viðauka til Bæjarráðs.

Fundaritari: Eva Michelsen

Fundi slitið kl 14:00